

Fundargerð fulltrúaráðs

79. fundur fulltrúaráðs Brunavarna Árnessýslu (BÁ) haldinn mánudaginn 16. nóvember, 2009 kl. 12.00 í Slökkvistöð Selfossi

Mættir: Margrét K. Erlingsdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Snæbjörn Sigurðsson, Jón Valgeirsson, Ólafur Leifsson og Eypór Arnalds.

Einnig mætti á fundinn:

Ólafur Gestsson löggiltur endurskoðandi Pricewaterhouse Coopers á Selfossi og Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri, sem ritaði fundargerð

Efni fundarins var eftirfarandi:

1. Skipting framlaga

Ólafur Gestsson löggiltur endurskoðandi Pricewaterhouse Coopers á Selfossi mætti á fundinn og fór yfir athugun sína á kostnaðarskiptingu sveitarfélaga.

Vinnan var aðallega unnin vegna innkomu Slökkviliðs Ölfus í BÁ en einnig út frá hugsanlegu réttmæti skiptingar framlaga almennt.

Helstu niðurstöður Ólafs voru að 70% skipting vegna brunabótamats og 30% skipting vegna íbúafjölda væri eins rétt og hver önnur prósentá.

Hann lagði ekki mat á breytingu sem nýverið hefur gerð þ.e.a.s. úr 75%-25%, taldi að skipting, hver sem hún er væri, væri alfarið ákvörðun sveitarfélaga á hverjum tíma. Ólafur hafði farið fyrir fundinn, yfir skiptingar hjá nokkrum slökkviliðum í landinu og kom fram að mjög mismunandi aðferðir eru í gangi. Til dæmis skipti Slökkvilið höfuðborgarsvæðis framlögum 100% eftir íbúafjölda í hverju aðildarsveitarfélagi slökkviliðsins.

Ólafur benti á að hugsanlega þyrfti að huga enn betur að vinnuframlagi slökkviliðsins vegna þjónustu BÁ við fjölmennar sumarhúsabyggðir m.t.t sinu og skógarelda o.fl.

2. Fjárhagsáætlun BÁ 2010

Fyrir fundinum lágu drög að “Fjárhagsáætlun” BÁ fyrir árið 2010 m.t.t. innkomu Ölfus.

Einnig lágu drög að “Fjárhagsáætlun” fyrir árið 2010 m.v. núverandi aðildarsveitarfélög BÁ.

Kristján og Margrét formaður skýrðu helstu liði áætlunarinnar.

Framsetning áætlunarinnar fyrir árið 2010 eru nokkuð með öðrum hætti nú en venjulega þar sem fyrir liggur beiðni frá Sveitarfélaginu Ölfus um inngöngu í BÁ frá og með næstu áramótum.

Því þarf að taka tillit til væntanlegs reksturs BÁ með það fyrir augum.

Kristján greindi frá því að reynt væri að halda flestum liðum á sömu krónutölu og fram kom í áætlun fyrir árið 2009.

Hækkanir verða þó á launalið sem skapast helst af lífeyrisskuldbindingu og nýs starfsmanns á skrifstofu.

Fram kom að vegna ófyrirséðra ástæðna liggur ársreikningur 2008 ekki fyrir.

Vinna við reikninginn lág niðri vegna veikinda bókara en nú er þeirri vinnu að ljúka og mun reikningur liggja fyrir í lok mánaðarins.

Niðurstaða:

Samþykkt áætlun fyrir árið 2010 með Ölfus með f.v. um samþykki sveitarstjórnar Ölfus og endanlegrar samþykktar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga B.A.

3. **Samþykktir B.A.**

Fyrir fundinum lágu nýjar “Samþykktir Brunavarna Árnessýslu” þar sem tillit er tekið til innkomu Ölfus í B.A. Margrét formaður og Kristján fóru yfir helstu breytingar sem helst felast í orðalagi og tilvitnunum í lög og reglugerðir.

Niðurstaða:

Samþykktir samþykktar m.t.t. Ölfus með f.v. um samþykki sveitarstjórnar Ölfus og endanlegrar samþykktar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga B.A.

4. **Húsnæðismál slökkviliðsins**

- Erindi frá oddvita Skeiða- og Gnúpverjahrepps varðandi húsaleigu í Árnesi.

Slökkviliðsstjóra falið að skýra oddvita frá umræðum á fundinum

- Erindi frá Lögmonnum Árborgar, Sigurði Jónssyni lögmanni og skiptastjóra þrotabús fasteignarinnar að Árvegi 1 Selfossi, Björgunarmiðstöð Árborgar.
Tilkynnt um fund.

4. **Önnur mál**

- **Trúnaðarmál.** **Fært í trúnaðarbók.**
- Kristján greindi frá vel heppnuðu “Hópefli” sem fram fór í Aratungu fyrr í mánuðinum. Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur sá um alla framkvæmd hópeflisins og var mikil ánægja meðal fjölmenns hóps slökkviliðsmanna með hans störf.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 15.30

**Margrét K. Erlingsdóttir, Snæbjörn Sigurðsson, Jón G. Valgeirsson
Margrét Sigurðardóttir, Ólafur F. Leifsson, Eyþór Arnalds,
Kristján Einarsson.**